



8. DKG-fundur starfsársins 2018-2019 haldinn í Reykjavík 12. október 2019

Vettvangsferð í Veröld hús Vigdísar kl. 12:00

Fundur í Epsilondeild, kl.13.30, fundarstaður Eyja Guldsmeden Hótel, Brautarholti

1. Vettvangsferð í Veröld hús Vigdísar

Vettvangsferðin var mjög vel heppnuð, við fengum góða leiðsögn um húsið, frásögn og túlkun á því sem fyrir augu bar. Húsið er alveg einstakt og leiðsögukona okkar sem er kynningarfulltrúi hússins sagði að það væri eins og að fylgja rokkstjörnu að ferðast með Vigdísi, allir vilja hitta hana og tala við hana og hún tekur enn þátt í fjölda viðburða. Á næsta ári á Vigdís stórafmæli og þá verður efnt til viðburða.

2. Fundur á Eyja Guldsmeden Hótel

Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður setti fundinn, bauð systur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Nafnakall, 18 voru mættar.

Systur minntust Valbjargar Jónsdóttur kennara sem nú er látin. Hún var félagi í Epsilon deild þegar hún bjó og starfaði í Reykholti. Lesið var ljóð eftir Kristján Hreinsson og minningargrein sem nemandi Valbjargar skrifaði.

3. Fundargerð síðasta fundar lesin upp.

4. Kynning.

Vera Valgarðsdóttir sagði frá dvöl sinni á Skagaströnd þar sem hún réði sig til að leysa skólastjóran í Höfðaskóla af og urðu veturnir þar fimm talsins. Sveitarfélagið byggir einkum á sjávarútvegi, en leynir á sér eins og Vera orðaði það.

Vinnumálastofnun er á Skagaströnd, listamiðstöð og fleira. Íbúar eru um 500 og ca 97 nemendur í skólanum. Eins og víða á landsbyggðinni er samfélagið að eldast og tækifæri fyrir ungt fólk mættu vera fleiri. En bjartsýni ríkir á framtíðina, störf breytast. Meðan Vera dvaldi á Skagaströnd sá hún ýmis tækifæri til breytinga í Höfðaskóla glögg er gests augað, skólinn var spjaldtölvuvæddur og starfsemin sameinuð í eina byggingu. Unnið var í teymum og árgöngum blandað, allt gafst þetta mjög vel. Vera hafði aðstoðarskólastjóra Guðjón og sagði að hún hefði fengið tækifæri til að sinna skólaþróun og skemmtilegu málunum meðan hann sinnti fjármálum og öðru leiðinlegu. Hún sagði frá menntabúðum, jafningjafræðslu kennara og hvatti til þátttöku í slíku. Þá nefndi hún símanotkun nemenda, símar voru ekki bannaðir í skólanum heldur litið á þá sem vinnutæki, en settar reglur um þá. Vera sagði tvennt ólíkt að starfa í litlum skóla eða stórum og allir ættu að prófa. Mjög áhugavert erindi hjá Veru.

4. Önnur mál.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir landssambandsforseti kom inn á fundinn, hún þakkaði Elínu Hannibalsdóttur fyrir rósirnar sem hún gaf á heimsping DKG í sumar og allar rósir sem hún hefur gefið í gegnum tíðina og afhenti Elínu spjaldtölvu að gjöf í þakklætisskyni. Næsti fundur er afmælisfundur deildarinnar sem verður haldinn 23. nóvember í Hveragerði, afmælisnefnd er að störfum. Happraðttisvinninginn hlaut Sísá. Sameiginlegur hádegisverður og spjall. Fundi slitið.